



2. útgáfa 27.11.2020

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Lampaolía		
Vörunúmer:	A99 84522200	1 Ltr.	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Eldsneyti úr arómatasneyddum vetniskolefnum.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Exxon Mobil BV
	Dalvegur 10-14		Polderdijkweg
	201 Kópavogur		B-2030 Antwerpen
			Belgía
Sími:	440 1000		00-32-3-543-31-11
Netfang:	n1@n1.is		sds.uk@exxonmobil.com
Veffang:	www.n1.is		www.exxonmobil.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg Eit.v.ásvelg.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar:

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
EUH066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar:

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P301+P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P331 EKKI framkalla uppköst.
P370+P378 Ef eldur kemur upp: Notið koldíoxíð, slökkvuduft, froðu eða vatnsúða til að slökkva eldinn.
P403 Geymist á vel-loftræstum stað.
P405 Geymist á læstum stað.
P501 Fargið innihaldi/fíláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur:

Vetniskolefni, C10-C13, ísóalkana, hringsambönd, arómata <2%.

2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar:	Varan getur hlaðist stöðurafragni, sem getur valdið íkveikju. Gufur mynda sprengifimar blöndur með lofti. Gufa er eldfim.
Heilsufarslegar:	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Væg húðerting. Getur valdið ertingu í augum, nefi, hálsi og lungum.
Umhverfislegar:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. (PBT : Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB : Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Vetniskolefni, C10-C13, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119456810-40	Innihald %	100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	920-901-0	H-setningar	-
CAS	64742-48-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
[Eldf.vökvi 4 - H227], Eit.v.ásvelg.1 - H304, EUH066			

3.2 Blöndur:

Á ekki við

Annað: [---] = Flokkun ekki tekin upp innan ES. Sýnt í upplýsingaskyni.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið strax lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Beitið viðeigandi tækjabúnaði, sé öndunaraðstoð talin nauðsynleg.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinstur fyrir skolun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Inntaka	Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Ásvelgingarhætta. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Inntaka getur valdið myndun lungnabjúgs/lungnabólgu við ásvelgingu.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: Kolmónoxíð, koldíoxíð, reykur, hálfbrunnin vetniskolefni, eitruð niðurbrotsefni, sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið. Blossamark er 68°C.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, t.d. kjallara. Notið persónuhlífar. Gangið ekki í losuðu efni. Losað efni getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Forðist uppsöfnun gufu í lágt liggjandi rýmum. Tilkygnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Notið neistavarinn búnað. Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Efnið flýtur á vatni, notið flotgirðingar, eða fleytið af yfirborði. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Hitið ekki upp nálægt blossamörkum. Efnið getur hlaðist stöðurafmagnni. Gerið viðeigandi ráðstafanir gegn því (jarðtengið búnað).

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig, eldfim efni, beint sólarljós og oxara. Hentug umbúðaeefni: Stál, pólýetýlen, pólýprópýlen, pólýester, Teflon. Óhentug umbúðaeefni: Náttúrugúmmi, bútýlgúmmi, pólýstýren, EDPM.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Vetniskolefni, C10-C13, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2% (gufa)	171	1200			Exxon Mobil

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum. Notið CE-merktan búnað.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrilgúmmi. (EN374, EN420).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. (lágmarksþykkt 0,38 mm, 480 mín gegnstreymistími).

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar og öryggisskófataðar.

Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síugerð A. (EN136-140-405, sía- EN149-143).
Umhverfi	Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138). Fylgið öllum lögum reglum varðandi losun út í umhverfið. Notið viðeigandi búnað til takmörkunar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Væg
Litur:	Litlaus, tær
Suðumark:	188-210°C
Blossamark:	68°C (ASTM D93)
Sjálftendrunarmark:	222°C (ASTM E659)
Lægri sprengimörk í lofti:	0,6%
Hærrí sprengimörk í lofti:	6,0%
Uppgufunarhraði:	0,040 (n-bútýlasetat=1)
Gufuþrýstingur við 20°C:	0,040 kPa
Eðlismassi gufu (loft=1):	5,700 (101 kPa)
Eðlismassi:	0,76 g/cm ³ (15°C)
Leysanleiki í vatni:	Hverfandi
Sprengifimi:	Nei
Oxandi eiginleikar:	Nei
Seigja (40°C):	1 cSt
Dreifistuðull oktanól/vatn:	>4

9.2 Aðrar upplýsingar:

Rennslismark:	-114°C
Mólmassi:	165 g/mól
Vatnsdrægni:	Nei
Hitapanstuðull:	0,00098 -/°C

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Sjá liði 10.2-10.6.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt. Fjölliðast ekki.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, reykur, vetniskolefni, eitruð niðurbrotsefni, sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Sé styrkur gufu yfir viðmiðunarmörkum, getur það valdið ertingu í augum, og öndunarvegi, og valdið höfuðverk, vímuáhrifum og svima, auk hugsanlegs skaða á miðtaugakerfi.

Langvinn snerting við húð getur affitað húð, og valdið ertingu, þurrki og sprungumyndun.

Ásvelging í lungu við inntöku, getur valdið lungnabólgu og -bjúg, og jafnvel reynst banvæn.

Vetniskolefni, C10-C13, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	>5000	mg/m ³ /8klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting	Neikvætt. Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð				OECD 404
Alvarlegur augnskaði	Væg erting				OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri	Neikvætt				OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma	Neikvætt				OECD 471-473-474-476-478-479
Krabbamein	Neikvætt				OECD 453
Eiturrhif á æxlunarfæri	Neikvætt				OECD 413-414-415
Eiturrhif á marklíffæri (eitt skipti)	Neikvætt				
Eiturrhif á marklíffæri (endurtekin)	Neikvætt				OECD 408-413
Ásveljingarhætta	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif: Varan er ekki talin skaðleg lífi í vatni.

Vetniskolefni, C10-C13, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LL ₀	1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhif	EL ₀	1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrhif	NOELR	1 mg/l	21 d	Daphnia	
Eiturrhif	EL ₅₀	1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Eiturrhif	NOELR	1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirgni og niðurbrot		31%	28 d		
Uppsöfnun í lífverum	Engar upplýsingar				
Dreifanleiki í jarðvegi	Hröð uppgufun				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Óhreinir umbúðir Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinir umbúðir má endurvinna. Ekki skal setja tómar umbúðir undir þrýsting, eða skera, saga, sjóða, lóða, bora í þær. Haldið fjarri háu hitastigi og stöðurafragns-, eld- og neistagjöfum.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur farið fram á einu eða fleiri innihaldsefnum.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H304

Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

Útgáfa/Dags:

2/27.11.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

EXXON MOBIL
SAFETY DATA SHEET
ISOPAR L

Útgáfa:

13.05.2020 Útgáfa 4.00